

Ed.

116. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um verzlunaratvinnu, nr. 52, 27. júní 1925.

Flutningsm.: Jakob Möller.

3. gr. laga nr. 52, 27. júní 1925, 5. liður orðist þannig:

Fullnægir þekkingarskilyrðum þeim, er hér segir:

1. a. Hefir lokið fullnaðarprófi frá Verzlunarskóla Íslands, eða skóla, sem eigi gerir minni kröfur um þekkingu á verzlun og viðskiptum.
b. Auk þess stundað verklegt nám í verzlun eða skrifstofu eitt ár eða meira.
2. a. Hefir stundað verklegt nám í verzlun eða skrifstofu 3 ár eða meira.
b. Sannar, að hann kunni að færa þær bækur, sem lögboðið er, að bók-haldsskyld fyrirtæki skuli halda.
3. a. Hefir lokið stúdentsprófi.
b. Sannar þekkingu sína á bókhaldi, sbr. 2. b.
c. Auk þess stundað verklegt nám í verzlun eða skrifstofu eitt ár eða meira.

Atriði þau, sem um ræðir í 2. b. og 3. b., skulu sönnuð með vottorði hæfra manna, er ráðherra tilnefnir í samráði við Verzlunarráð Íslands, Samband ísl. samvinnufélaga og Samband verzlunarmannafélaga Íslands.

Fyrirmæli þessa tölul. taka ekki til sveitaverzlana, og getur ráðherra veitt undanþágu smásölum utan kaupstaða, ef ástæður mæla með.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk verzlunarmannafélaganna í Reykjavík. Frumvarpið var borið fram á Alþingi 1931, af þingmönnum Reykjavíkur, þskj. 66, og vísað til greinargerðar þeirrar, er því fylgdi þá.